TEXTI: SÓLVEIG LILJA LJÓSM.: GÚSTAF GUÐMUNDSSON

Hagkvæmni og glæsileiki í herbúðum Markhússins

Frumleiki og nýbreytni í inanhússarkitektúr, sem teljast verður „röff" í meira lagi, einkennir ný húsakynni Markhússins við Brautarholt. Útkoman er óneitanlega bráðskemmtileg. Markmiðið var einkum að skapa skemmtilega en jafnframt notalega stemningu sem tæki vinalega á móti starfsfólki og viðskiptavinum. Markhúsið tekur að sér ýmis verkefni fyrir önnur fyrirtæki, aðallega á vettvangi sölu- og kynningarstarfa. "Við byrjuðum fyrst í litlu húsnæði þar sem aðstaðan var af skornum skammti og ekki leið á löngu þar til að starfsemin sprengdi allt utan af sér. Þar sem við sinnum fyrst og fremst inn- og úthringiþjónustu, þá skiptir miklu máli að umhverfið sé notalegt og aðstaðan fyrir starfsfólk veiti þægindi umfram allt því svona símaat er mjög krefjandi. Það skipt-

Hér sést vel hvað halandi veggurinn setur skemmtilegan svip á ganginn . All margar umferðir þurfti til að ná fram rétta litnum. Loftið var málað eins og það kom fyrir sem og burðarbitarnir og yfirbragðið því skemmtilega hrátt. Allar raflagnir sem vanalega eru faldar voru gerðar sýnilegar og setja skemmtilegan svip á umhverfið. "Þjónustukjarninn" á vinstri hönd er gæddur ýmsum fingeruðum smáatriðum og myndar þannig mótvægi gegn öllum grófleikanum. Takið eftir marmaraáferðinni á gólfinu, sem er aðeins málaður og lakkaður flotmúr - nýstárleg og sniðug lausn.

Séð inn í fundarherbergið. Hér sést hvernig hægt er að opna á milli fundarherbergisins og kaffistofunnar. Fundarborðið er sandblásið að hluta og ber einkennismerki Markhússins. Útveggurinn er klæddur venjulegri útveggjaklæðningu. Takið eftir lýsingunni - hér er notast við venjulegan loftræstistokk sem hefur fengið nýtt hlutverk. Óvenjuleg lausn og sniðug.

Útveggjaklæðning þekur veggi í báðum endum húsnæðisins í anda verksmiðjuhúsnæðisins og setur frumlegan svip á umhverfið.

ir miklu máli fyrir fyrirtækið að lhalda sem lengst í gott starfsfólk. Það getum við gert með því að bjóða upp á góða vinnuaðstöðu", segir Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri Markhússins. Öll hönnun ber vott um frjóa hugsun um leið og hagkvæmni er höfð að leiðarljósi við alla úrvinnslu hugmyndanna.

Sverrir fékk Hlédísi Sveinsdóttur bygginararkítekt til að sjá um hönnunina. Hlédís starfar sjálfstætt og rekur Stúdió Ark í samstarfi við Gunnar Bergmann sem einnig er byggingaarkitekt og vann hann með henni að hluta til við hönnun Markhússins. Menntun Hlédísar og reynsla kom að góðum notum við hönnun húsnæðisins þar sem hún hefur mikla byggingafræðilega innsýn og kom með margar hagkvæmar lausnir á ýmsum vandamálum ekki síst þar sem ráðstöfunarféð var takmarkað og gat hún þannig sparað á einum stað og eytt meira í önnur mikilvæg atriði. Hér var áður gömul prentsmiðja þannig að aðkoman var ekki glæsileg. "Við vildum þó viðhalda ýmsum karaktereinkennum gömlu prentsmiðjunnar og því voru ýmis atriði, eins og t.d. raf- og vatnslagnir, berstrípuð steinsteypa og útveggjaklæðningar látin, halda sér - hlutir sem yfirleitt eru faldir, en í þeim er í raun mikil "dekorasjón". Látið var nægja loftin eins og þau komu fyrir nema í úthringingasalnum og gólfið er lítið annað en hrá steinsteypan. Við þurftum að steja flotmúr á gólfið til að jafna það. Síðan var sett þunnt lag af málningu yfir sem sígur auðveldlega ofan í steypu. Síðan var einfaldlega lakkað yfir. Reyndar halda margir að gólfefnin séu ókomin en svo er ekki. Þannig eru "röff karaktereinkenni" gömlu prensmiðjunnar látin spila á móti fíngerðari atriðum", útskýrir Hlédís.

Innra skipulag er í aðalatriðum fjórskipt. Úthringingaherbergið er á vinstri hönd þegar komið er inn af stigaganginum og er það rými hljóðeinangrað með teppi á gólfum og einangrunarplötum í lofti. Einnig eru hringjaraborðin filtuð til að dempa hljóðin ennþá frekar. Salurinn er brotinn skemmtilega upp með tveimur burðarsúlum og "fljótandi geymslurými á milli". Allur tölvubúnaður er lokaður inni í einu rými sem er afar praktísk lausn þar sem oft stafar hávaði af slíkum tækjabúnaði. Gangurinn er sérlega skemmtilegur með frábærlega hönnuðum hallandi vegg sem setur mikinn svip á ganginn. Nokkrar umferðir þurfti til að ná fram

Sjáið hvernig rennihurðin á fundarherberginu fellur vel að hallandi veggnum. Hurðin var pússuð þannig að hún fær skemmtilega skýjaða áferð og því þarf ekki að hafa áhyggjur af fingraförum.

Myndin hér fyrir neðan sýnir úthringingaherbergið. Á veggnum er aðeins venjuleg útveggsklæðning fest upp með hráum boltum sem setur skemmtilegan svip á rýmið og brýtur skemmtilega upp umhverfið. Glugginn er eins og sjálfstætt listaverk með vörumerki Markhússins "target". Þarna á starfsfólkið "að hitta í mark og ná árangri". Hringurinn fyrir ofan hurðina er einnig úr einkennismerki fyrirtækisins. Sjáið hvernig pípulögnunum er komið fyrir utan um hurðina - þarna eru þær til skrauts en ekki faldar inni í veggjum eins og venjan er.

Þótt salernið sé ekki stórt þá virkar það mun stærra þar sem speglum hefur verið komið þannig fyrir að fólk sér sjálft sig frá öllum hliðum. Athugið að járnið í skilrúminu er venjulegar pípulagnir.

Séð inní móttökuna. Sandblásin glerplatan myndar skilrúm fyrir manneskjuna í afgreiðslunni, enda er fatahengið þar innaf. Innréttingar og hillur eru sérhannaðar og er hagkvæmnin höfð þar í fyrirrúmi.

réttum áhrifum og einnig tók nokkurn tíma að fá rétta bæslitinn á spónlagðar hurðirnar. Vinstra megin við vegginn eru skrifstofur en á hægri hönd er stór og björt kaffistofa og skemmtilega hannað fundarherbergi. Þessi tvö rými er hægt að sameina með því að renna frá glerrennihurðum sem aðskilja þau þar eð oft þarf að halda fjölmenna starfsmannafundi á svo stórum vinnustað. Sverrir segist oft missa athygli fundargesta sinna sem oftar en ekki eru niðursokknir í að skoða öll herlegheitin. "Þjónustukjarnann" kalla þau það rými sem hefur að geyma litla eldhúsinnréttingu, aðstöðu til að hella upp á könnuna, salernisaðstöðu og ræstingakompu. Allar eru innréttingarnar sérhannaðar. Þessi hluti er í miðju sameiginlega rýminu og sker sig nokkuð úr. Hefur hann að geyma fínleg smáatriði sem vega upp á móti steinsteypu og járni.

Sverrir segir að samstarf þeirra Hlédísar hafi gengið mjög vel enda hafi þau verið á sömu bylgjulengd hvað varðar varðveislu á heildaryfirbragði og anda gamla iðnaðarhúsnæðisins í hönnuninni og þar hafi byggingafræðileg yfirsýn Hlédísar komið að góðum notum.

Hlédís útskrifaðist með MA-gráðu í byggingaarktítektúr frá University of California í Los Angeles árið 1994. Síðan hefur hún m.a. starfað í Rússlandi í um hálft annað ár þar sem hún vann sjálfstætt. Hannaði hún m.a. næturklúbb í Moskvu, þann stærsta í allri Evrópu. Einnig hannaði hún veitingastað og íbúðir fyrir ríkisbubba hins nýja kapítalíska samfélags í Rússlandi. Hlédís kom heim fyrir rúmu ári og hefur starfað sjálfstætt síðan. Hún hannaði ásamt Gunnari Nýja kökuhúsið í Lækjarsmára og er sú hönnun í svipuðum anda og Markhúsið, einnig hannaði hún klassíska hljómplötudeild Japis og húsakynni Skímu-Miðheima, sem eru nokkuð frábrugðin hinum tveimur hönnunarverkefnunum.